

Nr. 095 / 09 Nýi-Víkingur SK 95**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7127
Smíðaður: Skagaströnd 1988 plast
Stærð: 9,29 brl. 9,58 bt.
Mesta lengd: 9,93 m Skráð lengd: 9,78 m
Breidd: 3,23 m Dýpt: 1,55 m
Vél: Cummins 187 kW 2003
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 4



Nýi-Víkingur©NN

Gögn:

Dagbók lögreglu
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. júlí 2009 var farþegabáturinn Nýi Víkingur SK 95 á skemmtsiglingu skammt fyrir norðan Drangey á Skagafirði. Veður: NA 12 m/sek.

Þegar siglt var yfir rífið sem gengur norður úr Drangey stöðvaðist vélin. Skipstjóri kallaði á strandstöð og bað um aðstoð en bátinn rak í átt að ströndinni og varpað var tveimur akkerum til að stöðva rekið. Þá var staðsetning bátsins 65°57',185 N og 19°54',208 V. Bíldsey SH 65, sem var skammt undan, var beðin að aðstoða og dró hún Nýja Víking SK til Sauðárkróks.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að vélin stöðvaðist aftengdi skipstjóri leiðsluna frá olútanknum að síu og reyndist leiðslan vera svo stífluð að hann taldi sig ekki hafa tök á að hreinsa hana;
- að báturinn hafði verið geymdur uppi á landi um veturinn og skipt var um allar olíusíur áður en sett var fram um vorið. Eftir að honum hafði verið róíð á grásleppuvertíðinni stífluðust síur og var skipt um þær en olútankurinn var ekki hreinsaður þó grunur léki á að óhreinindin kæmu úr honum;
- að Nýi Víkingur SK hafði verið í eigu sama aðila í tuttugu ár og sagði eigandinn að einu sinni á því tímabil hafi olútankurinn verið hreinsaður. Tankurinn er úr trefjaplasi í skut bátsins, fyrir aftan vélinu, og að sögn eiganda er hægt að tappa slagvatni undan olúnni en það hafi aldrei verið gert;

- að í ljós kom að mikil óhreinindi voru í öllum leiðslum að síum sem lokað hafði fyrir olíuflæði að vélinni. Hreinsað var úr lögnum, skipt um síur og haldið aftur úr höfn en áður en út úr höfninni var komið varð vart við tregðu í olíuflæði svo snúið var aftur til hafnar. Þá var tankurinn opnaður og hreinsaður en úr honum komu mikil óhreinindi;
- að skipstjóri Bíldseyjar óttaðist að missa stjórn á aðgerðum þegar verið var að koma dráttartógi á milli þar sem Nýi Víkingur SK var svo nálægt ströndinni. Upplýsingar í sjókorti voru þess eðlis að hann treysti þeim ekki þar sem hann var ekki staðkunnugur við fjöruna og óttaðist að báðir bátarnir gætu rekið upp í fjöru ef illa færi;
- að skipstjóri Nýja Víkings SK taldi að rek hefði verið meðfram fjörunni og vestan við Karlinn ef akkerisfestin slitnaði og því engin hættu á að hann ræki upp í fjöru.

Nefndarálit:

Orsök atviksins voru óhreinindi í olíu bátsins vegna hirðuleysis.

Nefndin bendir á að ítrekað hefur komið til svipaðra vandræða vegna óhreininda í olíu. Sjá mál nr. 071/09, 039/09, 032/09 og 133/08.